

## STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2015, 2. nóvember, var haldinn 26. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.35. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Eva Einarsdóttir, Hilmar Sigurðsson, Hildur Sverrisdóttir, Björn Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Auður Alfífa Ketilsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Helga Björg Ragnarsdóttir, Hreinn Hreinsson, Óskar J. Sandholt og Ásta Guðrún Beck. Fundarritari var Unnur Margrét Arnardóttir.

### Petta gerðist:

1. Lögð fram starfsáætlun í stjórnkerfis- og lýðræðismálum 2016 dags. 2. nóvember 2015. Samþykkt með þremur atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá.
  - Kl. 13.43 tekur Jón Ingi Gíslason sæti á fundinum.
2. Lagt fram svar skrifstofustjóra borgarstjóra og borgarritara dags. 23. október 2015 við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks dags. 5. október sl. um vikulega tölvupósta borgarstjóra.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Stjórnkerfis- og lýðræðisráði þakka fyrir að fyrirspurn þeirra varðandi tölvupóstsendingar borgarstjóra hafi verið svarað. Hins vegar vekur svarið vonbrigði. Það verður að setja fyrirvara við þá lagalegu túlkun að efnistöð í tölvupóstinum sem sendur var með netfangalista borgarinnar á alla starfsmenn hennar, þar sem haft er rangt eftir pólitískum andstæðingi, samræmist hlutverki stjórnvaldsins sem borgarstjóri sinnir sem æðsti embættismaður borgarinnar. Það verður að teljast hæpin túlkun á persónuverndarlögum, þar sem segir að vinnsla á persónuupplýsingum teljist heimil ef hún samræmist hlutverki stjórnvalds, í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds. Ekki verður séð hvernig brigslyrði um pólitíska andstæðinga standist þau skilyrði á augljósan hátt. Því er umhugsunarvert að skrifstofa borgarstjóra slái því föstu að það samræmist reglum, og sé eðlilegt, að borgarstjóri noti þennan vettvang sinn sem æðsti embættismaður borgarkerfisins til að hnýta í pólitíska fulltrúa minnihlutans, og jafnvel hafi þar rangt við, án þess að talið sé eðlilegt að minnihlutinn hafi tök á að verja sig á sama vettvangi. Það veldur undrun að stjórnkerfis- og lýðræðisráð ætli ekki að hafa skoðun og/eða bregðast við þessu mati skrifstofu borgarstjóra um að í engu hafi borgarstjóri farið út fyrir verksvið sitt með þessum umrædda tölvupósti. Leiða má að því líkur að með því telji ráðið að slíkt samræmist sanngjörnum og gagnsæjum vinnubrögðum við stjórnsýslu borgarinnar. Þó ætti að vera augljóst að svo er ekki. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnkerfis- og lýðræðisráði lýsa því yfir vonbrigðum. Betri bragur hefði verið á því að viðurkenna að borgarstjóri hafi í umræddum pósti farið út fyrir það hlutverk þessara póstsendinga að miðla upplýsingum, hann ætti að biðjast afsökunar á því og passa sig hér eftir að halda sig við upplýsingarnar sem er eðlilegt að veita sem æðsti embættismaður borgarinnar - en ekki taka niður pólitíska andstæðinga á ósanngjarna hátt á þeim vettvangi. Þvert á móti ber svarið og viðbrögð við því með sér að borgarstjóri hafi í engu gert rangt og hyggist þá væntanlega halda uppteknum hætti, og pólitískir fulltrúar meirihlutans virðast ekki ætla að mótmæla því mati. Það er óskiljanleg og vond niðurstaða.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata vísa til þess að í svari skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er ekki talið að borgarstjóri hafi

notað umræddan netfangalista til miðlunar á efni sem er starfi borgarstjóra óviðkomandi þrátt fyrir að borgarstjóri hafi skoðun á málefnum þeim sem í póstana rata, og að notkun borgarstjóra á umræddum netfangalista til útsendingar á upplýsingum til starfsmanna Reykjavíkurborgar sé í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og einnig í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um tölvunotkun. Engu að síður er sannarlega mikilvægt í þessu samhengi að huga að mismunandi hlutverkum borgarstjóra sem framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og pólitíssks fulltrúa. Nauðsynlegt er að það sé á hreinu hverjar réttindi hans og skyldur eru þegar kemur að upplýsingamiðlun og hvernig honum sé rétt og eðlilegt að nýta mismunandi upplýsingamiðlunarleiðir; mörkin þurfa að vera skýr. Þar má t.d. nefna þann anda traustrar og hlutlausrar upplýsingamiðlunar sem einkennir nýja upplýsingastefnu borgarinnar og þá sér í lagi grein 5.7: „Þegar samskipti fara fram í nafni Reykjavíkurborgar skal gætt að því að miðla staðreyndum og hlutlausu sjónarhorni af fyllstu virðingu við viðmælendur.“ Rétt er að fyrirspurnin um vikulega tölvupósta borgarstjóra sé höfð til hliðsjónar við innleiðingu upplýsingastefnunar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram eftirfarandi bókun:

Það er þakklátt að meirihluti stjórnkerfis- og lýðræðisráðs taki undir að nauðsynlegt er að það sé á hreinu hverjar réttindi og skyldur borgarstjóra eru þegar kemur að upplýsingamiðlun og hvernig honum sé rétt og eðlilegt að nýta mismunandi upplýsingamiðlunarleiðir. Ef það er þannig skoðun meirihlutans að umræddur tölvupóstur hafi gefið tilefni til að velta upp þeim mörkum á mismunandi hlutverkum borgarstjóra hefði vissulega mátt segja það skýrar í ofangreindri bókun – en það er þakkarvert að meirihlutinn taki undir grunnhugsun þá sem varð tilefni fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að mörkin séu ekki skýr - og það jafnvel óásættanlega óskýr.

3. Lögð fram að nýju hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík „Aukið fjármagn til miðborgar“ dags. 2. febrúar 2015 sbr. 4. liður fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 16. febrúar 2015. Hugmynd af Betri Reykjavík hafnað og vísað til vinnu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um endurskoðun lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð leggja fram eftirfarandi bókun:

Gengið er út frá að átt sé við fjármagn í hverfapottum Betri hverfa. Fyrir liggur að endurskoða framkvæmd á Betri hverfum áður en næsta hugmyndasöfnun fer fram snemma árs 2016. Þar verða meðal annars skoðaðar í heildarsamhengi forsendur úthlutunar fjármagns og verður hugmyndin um aukið fjármagn til miðborgar tekin þar til skoðunar.

4. Fram fer kynning á árangursstýringu, áhættustýringu og innra eftirliti. Hallur Símonarson, Anna Margrét Jóhannesdóttir og Svavar Jósefsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 14.30 tekur Eva Baldursdóttir sæti á fundinum.

### **Fundi slitið kl. 15.14**

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarsdóttir  
Hilmar Sigurðsson  
Hildur Sverrisdóttir

Eva Baldursdóttir  
Björn Gíslason  
Jón Ingi Gíslason